

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sigfúsarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Sigfúsarsjóður“, og er minningarsjóður íslenskrar alþýðu um Sigfús Sigurhjarson. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og styðja jafnaðarstefnuna og þau samtök sem vinna að framgangi hennar á Íslandi. Einnig að veita styrki og fjárframlög til málefna og verkefna á sviði velferðar- og mannúðarmála, sem hafa það að meginmarkmiði að stuðla að auknum jöfnuði.

Árlega er stjórn heimilt að veita allt að 80% af hagnaði liðins árs í styrki.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir tilstuðlan Sameiningarflokks alþýðu - Sósíalístaflokksins. Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 og var greitt þann 4. maí 1954.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru eignatekjur og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 9 mönnum.

Annað hvert ár skal stjórnin kjósa í stjórnina 9 menn.

Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdanefnd úr sínum hópi til að annast daglegan rekstur.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp árlega og miðast við almanaksárið.

Reikningar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, kosnum af stjórn sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur ein breytt þessari skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 5. júlí 2012.

F.h. sýslumanns,
Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.